



Til forstöðumanna og ráðuneyta

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvíli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 14. mars 2007
Tilv.: FJR06090044/230-0

Efni: Reglur um greiðslu viðbótarlauna

Fjármálaráðherra hefur undirritað reglur um greiðslu viðbótarlauna og taka þær þegar gildi. Jafnframt undirritaði ráðherra yfirlýsingu til stéttarfélaga um upplýsingagjöf til þeirra. Tekið skal fram að engar sérstakar fjárveitingar eða launabætur verða greiddar til stofnana vegna viðbótarlauna. Ráðuneytið sendir yður reglurnar og yfirlýsinguna hér með þessu bréfi ásamt tæknilegum leiðbeiningum.

Um viðbótarlaun:

Eitt af þeim markmiðum sem lágu til grundvallar setningu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var að einfalda launakerfið, m.a. með því að samið yrði um tiltekin grunnlaun og lágmarksréttindi starfsmanna í kjarasamningum, jafnframt því sem afnumdar yrðu sumar þær uppbætur á laun sem höfðu tíðkast. Á móti skyldu forstöðumenn fá svigrúm til að ákvarða einstökum starfsmönnum laun eftir hæfni og menntun sem nýttist í starfi, ábyrgð og frammistöðu.

Fjármálaráðuneytið hefur í nokkurn tíma unnið að gerð reglna um greiðslu viðbótarlauna samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðherra hefur nú staðfest reglurnar og taka þær þegar gildi. Reglurnar taka til allra ríkisstarfsmanna, annarra en embættismanna, óháð stéttarfélögum.

Tilgangur reglnanna er að veita forstöðumönnum heimild til að ákvarða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið hefur verið um í kjarasamningum og stofnanasamningum, vegna sérstakrar hæfni sem nýttist í starfi eða sérstaks álags, svo og fyrir árangur í starfi.

Reglunum er ætlað að tryggja að ákvarðanir um viðbótarlaun verði markvissar og byggist á málefnalegum sjónarmiðum, þar á meðal að jafnræðis sé gætt á milli karla og kvenna. Fjárhæð viðbótarlauna skal reikna í sérstakri launategund og henni haldið aðgreindri frá öðrum greiðslum í launabókhaldi stofnunar.

Fjármálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd reglnanna og mun auk þess veita stéttarfélögum tölulegar upplýsingar um greiðslu viðbótarlauna. Einnig getur ráðuneytið að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglur þessar og afnumið heimild einstakra

forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög.

Til framkvæmdar reglunum ber forstöðumanni að setja nánari reglur um útfærslu á stofnun sinni. Af þeim sökum beinir ráðuneytið því til forstöðumanna ríkisstofnana að þeir setji slíkar reglur fyrir stofnun sína hið fyrsta. Jafnframt beinir ráðuneytið því til forstöðumanna að bæði almennu reglurnar og þær sértæku fyrir stofnunina verði kynntar starfsmönnum með viðeigandi hætti.

Reglur fjármálaráðherra og upplýsingar um tæknilega útfærslu verða aðgengilegar á vefsíðu fjármálaráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson

Björn Rögnvaldsson

Fylgiskj.: Reglur um greiðslu viðbótarlauna
Yfirlýsing fjármálaráðherra til stéttarfélaganna
Skráning viðbótarlauna og útreikningur